

Fundargerð 7. fundar stjórnar SSÍ 2017-2019 Þriðjudaginn 14. nóvember 2017

Mættir: Hörður J. Oddfríðarson formaður, Björn Sigurðsson gjaldkeri, Jón Hjaltason varaformaður, Elsa María Guðmundsdóttir, Helga Sigurðardóttir, Hilmar Örn Jónasson, Hrafnhildur Lúthersdóttir og Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri.

Afboða, mæta ekki: Jóna Margrét Ólafsdóttir ritari, Eva Hannesdóttir, Margrét Gauja Magnúsdóttir, Bjarney Guðbjörnsdóttir og Emil Örn Harðarson mótastjóri

Fundur settur kl. 17:30

1. Fundargerðir

- a. Fundargerð Dómaranefndar 73. fundur dags. 25.09.2017
 - Stjórn tekur undir með Dómaranefnd að það sé mjög bagalegt að dómaranámskeið falli niður
 - SSÍ á möguleika að sækja um Dómaraskóla FINA fyrir árið 2020
 - Fyrir liggur þýðing á sund- og mótareglum FINA 2017-2021. Stjórn SSÍ felur framkvæmdastjóra að senda þessa þýðingu á starfandi þjálfara og formenn félaga, með þeim fyrirvara að ef einhver vafi leikur um merkingu eða túlkun gildir enska útgáfan undantekningalaust

Staðfest

- b. Fundargerð Íþróttamannanefndar 1.fundur dags. 24.10.2017
 - Framkvæmdastjóra falið að senda tillögu um breytta greinaröðun á ÍM25, til þjálfaranefndar og landsliðsnefndar til umsagnar. Framkvæmdastjóri kynnir álit nefndanna á janúarfundi stjórnar SSÍ ásamt tillögum að mögulegum breytingum á reglugerð mótsins
 - Atriði um hvað íþróttfólk sækist eftir gagnvart fararstjórn SSÍ eru vel þegin og fara í áframhaldandi úrvinnslu hjá stjórn, landliðsnefnd og starfsfólki SSÍ

Staðfest

- c. Fundargerð RIG dags. 11.10.2017

Staðfest

2. Félagaskipti

Nafn:	Fyrri félag:	Nýtt félag:	Dags. mótt.	Tekur gildi
Katrín Eva Jóhannesdóttir	Sd. UMFA	Óðinn	01.11.2017	01.12.2017
Guðmundur Kristinn Húnfjörð	Sd. Breiðabliks	Sd. Ármanns	14.11.2017	13.12.2017

3. Staðfesting meta

25m laug

Engin met liggja fyrir til staðfestingar

4. Aðsend bréf

Dags	Efni	Sendandi
13.10.2017	FINA – Appointment to the FINA Committees <i>Stjórn FINA hefur tilnefnt formann SSÍ í Garpanefnd FINA á ný</i>	cm/FINA
16.10.2017	Formannafundur ÍSÍ – fyrri fundarboð	lrh/ÍSÍ
10.11.2017	Len Bureau Minutes	ds/LEN
13.11.2017	Sundnámskeið fyrir konur af erlendum uppruna <i>Sjá undir öðrum málum a lið</i>	kg/Jafnréttishús

5. ÍM25

- a. Stjórnarfolk á mótinu
 - i. Hilmar Örn Jónasson, Jón Hjaltason verða við dómgæslu, Hrafnhildur Lúthersdóttir verður við keppni, Bjarney Guðbjörnsdóttir verður við þjálfun, Margrét Gauja Magnúsdóttir verður sunnudag, Björn Sigurðsson verður eitthvað alla mótismorgna, Elsa María Guðmundsdóttir verður laugardag og fyrri hluta sunnudags, Hörður J. Oddfríðarson verður laugardag og sunnudag
 - ii. Athuga með að fá þjálfara til að veita verðlaun

Fundargerð 7. fundar stjórnar SSÍ 2017-2019 Þriðjudaginn 14. nóvember 2017

- b. Möguleiki á mat fyrir keppendur á Café ÍSÍ föstudag og laugardag samkvæmt skráningum
- c. Útsending/streymi
 - i. Er í athugun – c/o Emil Örn
- d. Þjálfarafundur
 - i. Formaður, gjaldkeri og framkvæmdastjóri ásamt formanni landsliðsnefndar hitta starfandi þjálfara til skrafs og ráðagerða og formenn félaga eru velkomnir á fundinn einnig
- e. Undirritun samnings
 - i. Skrifað verður undir endurnýjaðan samning við Afrekssjóð ÍSÍ
- f. Uppskeruhátíð
 - i. Verður í söllum KSÍ
 - ii. Café ÍSÍ sér um matinn
 - iii. Verð kr. 3.700 pr. manninn
 - iv. Skemmtiatriði verða á vegum framkvæmdastjóra

6. Norðurlandameistaramót á Íslandi í desember

- a. Rúmlega 200 keppendur frá Íslandi, Noregi, Svíþjóð, Finnlandi, Eistlandi, Litháen, Danmörku, Færeyjum.
- b. Gista á Grand Hótel og borða á Cafe Easy
- c. Íslensku keppendurnir munu einnig gista á Grand Hótel frá föstudegi til sunnudags
- d. Æfingabúðir verða á fimmtudeginum með Tokyo 2020
- e. Útsending/streymi
 - i. c/o Emil Örn
- f. Áætlaður fjöldi íslenskra keppenda á NM eru allt að 20 einstaklingar
- g. Þjálfarar verða Kjell Wormdal og Arna Þórey Sveinbjörnsdóttir
- h. Fararstjóri verður Hilmar Örn Jónasson
- i. Sjúkraþjálfari – óákv.
- j. Dómgæsla er mönnuð
- k. Stjórnarfolk á mótinu
 - i. Jón Hjaltason verður við dómgæslu, Hilmar Örn við fararstjórn, Hrafnhildur að keppa, Hörður verður alla daga, óvíst með aðra
- l. Annar undirbúningur
 - i. Í farvegi

7. EM25 í Kaupmannahöfn

- a. Áætlaður fjöldi keppenda og fylgdarfólks er
 - i. 4-8 keppendur
 - ii. Klaus Jürgen-Ohk þjálfari, Steindór Gunnarsson þjálfari
 - iii. Málfríður Sigurhansdóttir fararstjóri
 - iv. Unnur Snædís Jónsdóttir sjúkraþjálfari
 - v. Hörður J. Oddfríðarson fjölmiðlamál og samskipti
- b. Stjórnar- og starfsfolk SSÍ á mótinu
 - i. Tillaga um að SSÍ leggi að hámarki kr. 50.000 með hverjum stjórnarmanni sem fer á mótið

Fundargerð 7. fundar stjórnar SSÍ 2017-2019 Þriðjudaginn 14. nóvember 2017

8. Önnur mál

a. Jafnréttishús – sundnámskeið fyrir konur af erlendum uppruna
Formanni og framkvæmdastjóra falið að fylgja málinu eftir

b. Fyrirspurnir stjórnarmanns Helgu Sigurðardóttur

- i. Á fundi stjórnar í lok ágúst var umræða um fræðslu og viðbrögð varðandi ofbeldi, þ.á.m. kynferðislegt ofbeldi. Fyrir stuttu var umfjöllun í fjölmiðlum um kynferðislegt ofbeldi sem hafði verið tilkynnt til SSÍ á sínum tíma og eins og fram kom í viðtali í fréttablaðinu að málið var tilkynnt til lögreglu. Spurning mín er því þessi: Hefði verið mögulegt að upplýsa stjórnarmenn á fundi í sept um að tiltekið mál hafi komið inn á borð SSÍ á sínum tíma, og hver viðbrögð og úrvinnsla af hálfu SSÍ hafi verið? (sjálf var ég búsett erlendis á þessum tíma og var ekki að fylgjast með sundheiminum né íslenskum fjölmiðlum). Sem stjórnarmeðlim í SSÍ kom þessi umfjöllun á stöð 2 verulega á óvart og fannst mér óþægilegt að vita ekkert um að slíkt hafði komið inn á borð stjórnar á sínum tíma. Þá sérstaklega í ljósi þess að þess að umræða átti sér stað á stjórnarfundi þar sem undirrituð deildi persónulegri reynslu.

Svar unnið af formanni SSÍ.

Já það hefði verið mögulegt að upplýsa stjórnarfólk á 6.fundi SSÍ um þetta umrædda mál frá árinu 2006. Hins vegar var sú efnislega umræða sem fram fór á viðkomandi fundi algerlega óundirbúin. Þannig voru ekki samantekin þau atriði sem hefðu að einhverju leyti átt við. Þessi mál voru sett á dagskrá síðasta fundur í tilefni af því að formaður fræðslunefndar kom á fundinn og stjórn var ásamt henni að fara yfir og ákveða hvaða fræðsla ætti að fara fram á tímabilinu á vegum SSÍ.

- ii. Óska eftir að upplýsingum um hversu mörg mál (ábendingar/kvartanir) hafa komið inn til stjórnar SSÍ varðandi grun um óeðlilega hegðun, grun um ofbeldi, hvort sem það er andlegt eða líkamlegt (þ.m.t kynferðisleg) s.l. 35 ár. Og í framhaldi ef að ábendingar/kvartanir hafi verið tilkynnt, hvernig var unnið að úrlausn þeirra mála?

Svar unnið af formanni SSÍ.

Ekki hefur gefist tími til að taka saman gögn til að svar við ofangreindri spurningu verði fullnægjandi og ólíklegt að til séu heimildir svo langt aftur í tímann.

Framkvæmdastjóra falið að safna saman þeim gögnum sem til eru og undirbúa svar fyrir næsta fund stjórnar SSÍ

c. Breytt reglugerð AMÍ

Mótastjóra falið að bæta lið inn í reglugerð AMÍ í samræmi við samþykkt stjórnar SSÍ um skiptingu mótsins milli svæða/ára, frá 5. fundi stjórnar þann 31.ágúst 2017.

d. Varaformaður leggur fram tillögu að þremur eyðublöðum til nota á sundmótum á Íslandi; úrskráningarblað, kærublað og ógildingarblað

Stjórn SSÍ staðfestir ofangreind blöð og felur varaformanni í samráði við dómaranefnd að gera tillögu að endurbættri mótaskýrslu

e. Umræður um samskipti innan hreyfingar

Stjórn ákveður að gera gangskör í því að bæta samskipti sambands og félaga. Varaformanni og gjaldkera falið að vera í farabroddi fyrir hönd stjórnar ásamt formanni og framkvæmdastjóra

- f. Kl. 19:00 kom Hafdís Inga Hinriksdóttir, félagsráðgjafi MA, sem starfar í Bjarkarhlíð – miðstöð fyrir þolendur ofbeldis og fræddi stjórn og starfsfólk SSÍ um viðbrögð við ofbeldi innan hreyfingar, aðgerðaáætlun og forvarnir gegn hvers kyns ofbeldi. Koma

Fundargerð 7. fundar stjórnar SSÍ 2017-2019 Þriðjudaginn 14. nóvember 2017

Hafdísar er í beinu framhaldi af viðbrögðum SSÍ vegna máls Hildar Gísladóttur, sem sagt var frá í fjölmiðlum fyrir þremur vikum. Stjórn og starfsfólk SSÍ mun svo vinna áfram með Hafdísi og Hafrúnu Kristjánsdóttur sálfræðingi til að koma á ferli sem hægt verður að grípa til, hvar sem er í hreyfingunni, ef upp kemur ofbeldi eða áreiti, ásamt forvörnum.

Fundi slitið kl. 21:20